

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0.0	K/S 1.9.20
Ábm. ISVA	Svfr.
Afgr. Eudw ()	Bréf () St.
Lvm.	Trm.

YFIRFASTEIGNAMATSNEFND
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu
Sölvhólsögötu 7, 101 Reykjavík
Sími: 545 9000, Fax: 552 7340
Netfang: yfn@yfn.is

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
801 Selfoss

Reykjavík 28. ágúst 2020
Tilv.: YFN20080002/3.1

Efni: Mál yfirfasteignamatnsnefndar nr. 10/2020 - skrifstofa og starfsmannahús að
Búrfellsvirkjun, Skeljustöðum 11, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, fnr. 220-2843

Yfirfasteignamatnsnefnd hefur borist kæra dags. 24. ágúst sl., frá Lex ehf. fyrir hönd
Landsvirkjunar, kt. 420269-1299, vegna eftirfarandi matshluta ofangreindrar eignar;

280101, Skrifstofa
290101, Starfsmannahús
300101, Starfsmannahús
310101, Starfsmannahús
320101, Starfsmannahús
550101, Starfsmannahús
560101, Starfsmannahús

Óskar nefndin eftir umsögn yðar varðandi kærana.

Þess er óskað að umsögnin berist nefndinni á word-skjali í tölvupósti og með bréfi innan 14 daga
frá dagsetningu bréfs þessa.

Virðingarfyllst
f.h. yfirfasteignamatnsnefndar



Kristín Sandra Karlsdóttir
starfsmaður nefndarinnar

Fylgiskj.: Afrit af kæru og fylgiskjölum, dags. 24. ágúst sl.


Ljósrit: LEX ehf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Samrit: Þjóðskrá Íslands
Borgartúni 21
105 Reykjavík



LÖGMANNSSTOFA

Afrit



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
b.t. yfirfasteignamatsnefndar
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. ágúst 2020

KÆRA

Til LEX hefur leitað Landsvirkjun, kt. 420269-1299, Háaleitisbraut 68, Reykjavík, („kærandi“) og falið undirrituðum lögmanni að gæta hagsmuna félagsins fyrir yfirfasteignamatsnefnd.

Kært er endurmat Þjóðskrár Íslands frá júní 2020 sem tekur gildi 31. desember s.á. og gildir fyrir árið 2021 þar sem ákveðið var að skrá og meta til fasteignamats vinnubúðir kæranda við Búrfellsvirkjun, nánar tiltekið eftirfarandi matshluta innan fasteignarinnar að Búrfellsvirkjun, Skeljastöðum 11, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, fasteignanr. F2202843:

280101, Skrifstofa
290101, Starfsmannahús
300101, Starfsmannahús
310101, Starfsmannahús
320101, Starfsmannahús
550101, Starfsmannahús
560101, Starfsmannahús

Kæruheimild er í 1. mgr. 34. gr. laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Kærufrestur er þrjú mánuðir, sbr. 1. mgr. 27. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

KRÖFUGERÐ:

Þess er krafist að ákvarðanir Þjóðskrár Íslands um skráningu fyrrnefndra matshluta í fasteignaskrá og endurmat þeirra til fasteignamats samkvæmt endurmati stofnunarinnar í júní 2020 verði felldar úr gildi. Þá er þess krafist að yfirfasteignamatsnefnd leggi fyrir Þjóðskrár Íslands að afmá viðkomandi matshluta úr fasteignaskrá og fella niður fasteignamat þeirra.

MÁLSATVIK:

1. Kærandi er eigandi fasteignarinnar að Búrfellsvirkjun, fasteignanr. F2202843. Fasteignin skiptist í 71 matshluta en kæra þessi varðar einvörðungu 7 þeirra. Umræddir matshlutar eru vinnubúðir í eigu kæranda sem settar voru upp á fasteigninni sem tímabundin svefn-, matar-

og skrifstofuaðstaða fyrir starfsmenn Landsvirkjunar og samstarfsaðila þeirra við framkvæmdaæftirlitið með byggingu Búrfellsstöðvar II. Framkvæmdatími var áætlaður frá 2016 til 2018 en verkið og þar með notkun búðanna hefur dregist til 2020. Óvíst er hvenær vinnubúðirnar verða fjarlægðar. Sömu vinnubúðir hafa verið notaðar við önnur verkefni kæranda og fluttar á milli framkvæmdasvæða, s.s. við Sultartangavirkjun, Kárahnjúkavirkjun og Búðarhálsvirkjun.

2. Vinnubúðunum er eingöngu ætlað að standa á meðan framkvæmdum stendur við Búrfellsvirkjun II. Þar sem um er að ræða færanlegar vinnubúðir er frágangur þeirra þannig að unnt er að flytja þær til með einföldum hætti. Vinnubúðirnar eru settar saman af til þess gerðum einingum sem lagðar eru ofan á trébita. Trépallar eru fyrir framan og aftan hurðir á einingunum til að auðvelda aðgengi og snjómokstur en rétt er að taka fram að vinnubúðirnar eru hvorki á steyptri plötu né varanlega skeyttar við jörðu með öðrum hætti. Nánar tiltekið hvíla vinnubúðareiningarnar á timburásum sem lagðir eru ofan á hellur á malarfyllingu. Einingarnar eru síðan stagaðar niður með vírum. Meðfylgjandi með kæru þessari eru ljósmyndir af vinnubúðunum og teikningar af undirstöðum þeirra.
3. Í júní 2020 barst kæranda endurmetið fasteignamat Þjóðskrár Íslands vegna ofangreindra matshluta sem tekur gildi 31. desember 2020 og gildir fyrir árið 2021. Kærandi telur að ekki séu lagaskilyrði til þess að skrá matshlutana í fasteignaskrá og meta þá til fasteignamats enda sé ekki um fasteignir að ræða heldur lausafé. Óskar kærandi því endurskoðunar á framangreindu endurmati Þjóðskrár Íslands og gerir þá kröfu að viðkomandi matshlutar verði afmáðir úr fasteignaskrá og fasteignamat þeirra fellt niður.

MÁLSÁSTÆÐUR:

4. Kærandi byggir fyrst og fremst á því að hvorki sé lagastoð til að skrá fyrrnefnda matshluta í fasteignaskrá né meta þá til fasteignamats þar sem ekki er um að ræða fasteignir í skilningi laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna og hefðbundinnar skilgreiningar fasteignarhugtaksins heldur lausafé.
5. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 6/2001 skal í fasteignaskrá skrá allar *fasteignir* í landinu. Þá segir í 2. gr. laganna að hverja *fasteign* skuli meta til verðs eftir því sem næst verði komist á hverjum tíma samkvæmt nánari ákvæðum laganna. Ennfremur segir í 1. mgr. 3. gr. laganna að hugtakið *fasteign* í skilningi þeirra sé afmarkaður hluti lands, ásamt lífrænum og ólífrænum hlutum þess, réttindum sem því fylgja og *þeim mannvirkjum sem varanlega eru við landið skeytt*.
6. Samkvæmt 1. gr. eldri laga nr. 94/1976 um fasteignaskráningu og fasteignamat, töldust þau mannvirki til fasteigna sem *við land væru tengd*. Með setningu laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna var gerð breyting á fasteignarhugtaki laganna til samræmis við hefðbundna skilgreiningu fasteigna í eignarrétti, sbr. fyrrnefnt ákvæði 1. mgr. 3. gr. þeirra.
7. Af framangreindu er því ljóst að til þess að hljóta skráningu í fasteignaskrá og fá fasteignamat þarf mannvirki eða hlutar þess að falla innan hugtaksins *fasteign*.


8. Til þess að mannvirki teljist varanlega við land skeytt hefur að meginstefnu verið litið til þess hvort mannvirki hafi varanleg tengsl við land í tvennum skilningi, annars vegar hversu varanlegur frágangur er á tengslum mannvirkis við land og hins vegar hve varanleg réttindi eiganda mannvirkisins eru til að láta það standa á landi.¹ Kærandi telur hvorugt skilyrðanna uppfyllt. Eins og rakið hefur verið er vinnubúðunum eingöngu ætlað að standa í skamman tíma á meðan framkvæmdum við Búrfellsvirkjun II er ólokið og verða búðirnar þá fjarlægðar. Þá eru vinnubúðirnar settar upp með þeim hætti að auðveldlega má flytja þær án fyrirvara enda eru þær lagðar ofan á tréstólpa og haldið niðri með vírum, en ekki steypar í jörðu. Þeim er því ekki varanlega komið fyrir á svæðinu. Þá má nefna að vinnubúðirnar eru ekki fylgífé með fasteignum á svæðinu enda eru þær ekki nauðsynlegar til nota á öðrum mannvirkjum. Atvik í þessu máli eru því ekki sambærileg þeirri skipalyftu sem talin var falla undir fasteignarhugtakið í *úrskurði yfirfasteignamatsefndar 26. september 2012 í máli nr. 18/2012*. Þessu til viðbótar er réttur kæranda til þess að vinnubúðirnar standi á svæðinu ekki með þeim hætti að áhrif hafi á eðli þeirra sem lausafé.
9. Sem dæmi um skýringu á fasteignarhugtakinu í tengslum við sambærileg mannvirki vísast til *úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 30. júní 2020 í máli nr. 14/2020*. Þó að ágreiningur málsins hafi verið á sviði skipulagsréttar átti úrlausnarefnið það sammerkt með þessu máli að þar reyndi á hvort tilteknum gámi, sem notaður var við tilraunir á skiljuvatni frá jarðhitaborholum í landi Reykjahlíðar, hafi verið skeytt við land með varanlegum hætti. Gámurinn hvíldi ofan á forsteypum undirstöðum og taldi úrskurðarnefndin að þær undirstöður væru ekki viðamiklar og að auðvelt væri að fjarlægja þær. Ekki væri því hægt að telja þær jarðfastar eða að þær væru varanlega skeyttar við landið. Kærandi telur að af úrskurðinum megi ráða að umræddur gámur hafi ekki uppfyllt það skilyrði fasteignarhugtaksins að vera varanlega skeyttur við land. Þess ber að geta að frágangur undirstaða umrædds gáms var mun varanlegri en þeirra vinnubúða sem um er deilt í þessu máli.
10. Einnig vísast til *úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 1. ágúst 2018 í máli nr. 171/2016*. Í málinu reyndi á hvort tilteknar vinnubúðir skyldi meta til brunabóta samkvæmt 2. gr. laga nr. 48/1997 um brunatryggingar. Samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 809/2000 er húseigendum skylt að brunatryggja allar húseignir sem eru *varanlega skeyttar við land* til tiltekinna afnota. Í ljósi þess að um færanlegar vinnubúðir var að ræða sem aðeins var komið fyrir í takmarkaðan tíma, sbr. skilgreiningu starfsmannabúða í byggingareglugerð nr. 112/2012, var ekki talið að um væri að ræða mannvirki sem væri varanlega skeytt við land.
11. Til hliðsjónar vísast aukin heldur til *dóms Hæstaréttar 13. júní 1996 í máli nr. 167/1995* þar sem niðurstaðan var sú að tiltekinn sumarbústaður teldist til lausafjár en ekki fasteignar enda væri hann ekki skeyttur við land þar sem hann stóð á trébitum. Undirstöður vinnubúða kæranda eru því nokkuð sambærilegar undirstöðum sumarbústaðarins í því máli.
12. Til stuðnings því að vinnubúðir kæranda teljist til lausafjár en ekki fasteignar vísar kærandi enn fremur til skilgreiningar á hugtakinu starfsmannabúðir í 77. tölul. greinar 1.2.1 byggingareglugerðar nr. 112/2012. Þar segir að starfsmannabúðir séu færanlegt húsnæði sem ætlað sé til svefns, matar, daglegrar dvalar, vinnu eða samkomuhalds starfsfólks til

¹ Viðar Már Matthíasson: *Fasteignarhugtakið*, bls. 24.

skamms tíma í senn vegna atvinnustarfsemi. Líkt og fram kemur í umræddu ákvæði eru starfsmannabúðir samkvæmt þessari skilgreiningu fluttar tímabundið inn á tiltekin framkvæmdasvæði. Að framkvæmdatíma loknum eru þær fluttar brott vegna annarra framkvæmda eða á geymslusvæði. Telur kærandi því að vinnubúðir hans, sem eru starfsmannabúðir, geti ekki talist fasteign eða byggingar sem eru varanlega skeyttar við jörðu heldur lausafé sem standi tímabundið á viðkomandi stað.

13. Ákvæðum laga um fasteignaskráningu og fasteignamat hefur verið breytt frá því *úrskurður yfirfasteignamatsnefndar í máli nr. 6/1987* var kveðinn upp en í því var talið að tímureiningarhús teldust fasteignir á grundvelli ákvæða eldri laga nr. 94/1976. Að mati kæranda er lagaumhverfið nú þannig að vinnubúðir sambærilegar þeim sem kærandi hefur við Búrfellsvirkjun teljist ekki til fasteignar í skilningi laga nr. 6/2001. Í ljósi þessara lagabreytinga er sérstakt tilefni til að fá úrlausn yfirfasteignamatsnefndar um ágreiningsefnið.
14. Með vísan til alls framangreinds ber að taka til greina kröfu kæranda. Vinsamlegast beinið erindum til undirritaðrar ef óskað er nánari upplýsinga eða athugasemda frá kæranda.

Virðingarfyllst,
f.h. Huldu Árnadóttur, lögmanns



Sigurður Ágústsson, lögmaður

Fylgiskjöl:

1. Endurmat Þjóðskrár Íslands frá júní 2020.
2. Ljósmyndir af vinnubúðum og frágangi þeirra og teikningar af undirstöðum.

Júní 2020

Tilkynning um fasteignamat 2021

Á þessari tilkynningu koma fram upplýsingar um endurmetið fasteignamat sem tekur gildi 31. desember 2020 og gildir fyrir árið 2021, sbr. 32. gr. a. laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001. Frestur til að gera athugasemdir við tilkynnt fasteignamat er til 30. desember 2020 og er notað til þess eyðublað merkt F-501 á www.skra.is/umsoknir/eydublod-umsoknir-og-vottord/

Fasteignamat 2021 miðast við verðlag fasteigna í febrúar 2020 og skal endurspegla gangverð fasteigna umreiknað til staðgreiðslu, sbr. 27. gr. laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001.

Forsendur fasteignamats eru skráðar upplýsingar um hverja notkunareiningu fasteignar ásamt tiltækum upplýsingum um kaupverð, leiguverð og byggingarkostnað fasteigna, sjá nánar á vef stofnunarinnar www.skra.is Notkun fasteignar endurspeglar þá matsaðferð sem ákvarðar fasteignamat. Fermetrafjöldi húsnæðis er heildarstærð rýmis ásamt tengdum einingum, s.s. bílskúr, geymslu eða sólstofu og er fasteignamat fasteignar birt í einni tölu.

Fasteignanúmer er auðkennisnúmer hverrar fasteignar í fasteignaskrá.

Notkunareining táknar tiltekna starfsemi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa heimilað í mannvirkjum, t.d. íbúðarhúsnæði eða atvinnustarfsemi.

Skráður eigandi í fasteignaskrá er sá sem hefur verið skráður eigandi í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands óháð því hvort að viðkomandi sé með þinglýsta eignarheimild. Meginreglan er sú að skráður eigandi fasteignar er sá sem hefur þinglýsta eignarheimild hverju sinni, sbr. 22. gr. laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001.

Þinglýstur eigandi er sá aðili sem hefur þinglýsta eignarheimild, sbr. 25. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978.

Eigendaskipti fara fram með þinglýsingu eignarheimildar hjá sýslumanni og breytist þá skráning eiganda í fasteignaskrá. Athugið að ef afsalsuppgjör hefur ekki farið fram á milli aðila þá birtast bæði kaupsamningshafar og afsalsgjafar á tilkynningarseðlinum. Beiðni um **breytta skráningu á gjaldanda** fasteignagjalda skal beina til viðeigandi sveitarfélags.

Tilkynning þessi er birt eigendum fasteigna og gjaldendum fasteignagjalda í pósthólfi viðkomandi á island.is. Sé fasteignareigandi yngri en 18 ára getur forráðamaður nálgast tilkynningarseðilinn með því að skrá sig inn með Íslykli barnsins. Eigi barn ekki Íslykil er hægt að panta Íslykil á island.is og fá hann sendan á lögheimili barnsins.

Þinglýstir eigendur fasteignar
Landsvirkjun (420269-1299)

Skeljastaðir 11, Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Fasteignanúmer F2202843

Notkunareining N2202843

Merking	01 0101	Notkun	Stöðvarhús
Stærð	2760,5 m ²	Fasteignamat	5.047.050.000 kr.
		Þar af lóðarmat	238.600.000 kr.
Merking	02 0101	Notkun	Tengivirkisbygging
Stærð	655,0 m ²	Fasteignamat	446.500.000 kr.
Merking	03 0101	Notkun	Stöðvarhús
Stærð	3631,2 m ²	Fasteignamat	3.308.850.000 kr.
Merking	04 0101	Notkun	Útivistur
Stærð	0,0 m ²	Fasteignamat	0 kr.
Merking	05 0101	Notkun	Þrýstivatnsgöng
Stærð	0,0 m ²	Fasteignamat	0 kr.
Merking	06 0101	Notkun	Inntakshús
Stærð	96,0 m ²	Fasteignamat	15.850.000 kr.
Merking	07 0101	Notkun	Þrýstivatnsgöng
Stærð	0,0 m ²	Fasteignamat	0 kr.
Merking	08 0101	Notkun	Aðalgöng
Stærð	0,0 m ²	Fasteignamat	0 kr.
Merking	09 0101	Notkun	Vatnstankur
Stærð	82,7 m ²	Fasteignamat	0 kr.
Merking	10 0101	Notkun	Aðrennisskurður
Stærð	0,0 m ²	Fasteignamat	0 kr.
Merking	11 0101	Notkun	Stíflur og inntak
Stærð	0,0 m ²	Fasteignamat	0 kr.

Merking	12 0101	Notkun	Bjarnalonsstifla ofl
Stærð	0,0 m ²	Fasteignamat	0 kr.
Merking	13 0101	Notkun	Bjarnalonsstifla ofl
Stærð	0,0 m ²	Fasteignamat	0 kr.
Merking	14 0101	Notkun	Aðrennslisskurður
Stærð	0,0 m ²	Fasteignamat	0 kr.
Merking	15 0101	Notkun	Stjórnlokur
Stærð	0,0 m ²	Fasteignamat	0 kr.
Merking	16 0101	Notkun	Aðalinntak v/þjorsa
Stærð	0,0 m ²	Fasteignamat	0 kr.
Merking	17 0101	Notkun	Samtengingarhús vatn
Stærð	22,8 m ²	Fasteignamat	0 kr.
Merking	18 0101	Notkun	Varnargarður v/þjorsa
Stærð	0,0 m ²	Fasteignamat	0 kr.
Merking	19 0101	Notkun	Tækjahús vatnsöfluna
Stærð	8,8 m ²	Fasteignamat	0 kr.
Merking	20 0101	Notkun	Sámsstaðir 1 íbúð
Stærð	71,8 m ²	Fasteignamat	9.580.000 kr.
Merking	20 0102	Notkun	Sámsstaðir 1 íbúð
Stærð	71,8 m ²	Fasteignamat	9.390.000 kr.
Merking	21 0101	Notkun	Sámsstaðir 2 íbúð
Stærð	71,8 m ²	Fasteignamat	9.580.000 kr.
Merking	21 0102	Notkun	Sámsstaðir 2 íbúð
Stærð	71,8 m ²	Fasteignamat	9.390.000 kr.
Merking	22 0101	Notkun	Sámsstaðir 3 íbúð
Stærð	71,8 m ²	Fasteignamat	9.580.000 kr.

Merking	22 0102	Notkun	Sámsstaðir 3 íbúð
Stærð	71,8 m ²	Fasteignamat	9.390.000 kr.
Merking	23 0101	Notkun	Sámsstaðir 4 íbúð
Stærð	71,8 m ²	Fasteignamat	9.580.000 kr.
Merking	23 0102	Notkun	Sámsstaðir 4 íbúð
Stærð	71,8 m ²	Fasteignamat	9.390.000 kr.
Merking	24 0101	Notkun	Sámsstaðir 5 íbúð
Stærð	71,8 m ²	Fasteignamat	9.580.000 kr.
Merking	24 0102	Notkun	Sámsstaðir 2 íbúð
Stærð	71,8 m ²	Fasteignamat	9.390.000 kr.
Merking	25 0101	Notkun	Spennistöð/Sámsstöðu
Stærð	0,0 m ²	Fasteignamat	3.330.000 kr.
Merking	26 0101	Notkun	Skeljastaðir 1 Gesta
Stærð	135,7 m ²	Fasteignamat	16.200.000 kr.
Merking	27 0101	Notkun	Skeljastaðir 2 Gesta
Stærð	135,7 m ²	Fasteignamat	16.200.000 kr.
Merking	28 0101	Notkun	Skrifstofa
Stærð	358,3 m ²	Fasteignamat	28.850.000 kr.
Merking	29 0101	Notkun	Starfsmannahús
Stærð	294,9 m ²	Fasteignamat	31.000.000 kr.
Merking	30 0101	Notkun	Starfsmannahús
Stærð	219,9 m ²	Fasteignamat	22.900.000 kr.
Merking	31 0101	Notkun	Starfsmannahús
Stærð	180,9 m ²	Fasteignamat	16.150.000 kr.
Merking	32 0101	Notkun	Starfsmannahús
Stærð	667,7 m ²	Fasteignamat	65.300.000 kr.

Merking	37 0101	Notkun	Bifreiðaverkstæði
Stærð	239,1 m ²	Fasteignamat	13.200.000 kr.
Merking	38 0101	Notkun	Skemma 2
Stærð	240,0 m ²	Fasteignamat	21.950.000 kr.
Merking	39 0101	Notkun	Skemma 1/Sjalli
Stærð	710,0 m ²	Fasteignamat	56.850.000 kr.
Merking	50 0101	Notkun	spennarými
Stærð	12,0 m ²	Fasteignamat	4.030.000 kr.
Merking	51 0101	Notkun	Vindafllsvirkjun
Stærð	9,6 m ²	Fasteignamat	39.450.000 kr.
Merking	52 0101	Notkun	Vindafllsvirkjun
Stærð	9,6 m ²	Fasteignamat	39.400.000 kr.
Merking	55 0101	Notkun	Starfsmannahús
Stærð	771,8 m ²	Fasteignamat	81.150.000 kr.
Merking	56 0101	Notkun	Starfsmannahús
Stærð	496,1 m ²	Fasteignamat	53.750.000 kr.
Merking	73 0101	Notkun	Sámsstaðir 6 íbúð
Stærð	163,8 m ²	Fasteignamat	21.450.000 kr.
Merking	74 0101	Notkun	Sámsstaðir 6 íbúð
Stærð	27,1 m ²	Fasteignamat	2.590.000 kr.
Merking	75 0101	Notkun	Sámsstaðir 7 íbúð
Stærð	163,8 m ²	Fasteignamat	21.450.000 kr.
Merking	76 0101	Notkun	Sámsstaðir 7 íbúð
Stærð	27,1 m ²	Fasteignamat	2.590.000 kr.
Merking	77 0101	Notkun	Sámsstaðir 8 íbúð
Stærð	163,8 m ²	Fasteignamat	21.450.000 kr.



Merking	78 0101	Notkun	Sámsstaðir 8 íbúð
Stærð	27,1 m ²	Fasteignamat	2.590.000 kr.
Merking	79 0101	Notkun	Sámsstaðir 9 orlofsh
Stærð	163,8 m ²	Fasteignamat	21.450.000 kr.
Merking	80 0101	Notkun	Sámsstaðir 9 orlofsh
Stærð	27,1 m ²	Fasteignamat	2.590.000 kr.
Merking	81 0101	Notkun	Sámsstaðir 10 íbúð
Stærð	163,8 m ²	Fasteignamat	21.450.000 kr.
Merking	82 0101	Notkun	Sámsstaðir 10 bílskú
Stærð	27,1 m ²	Fasteignamat	2.300.000 kr.
Merking	83 0101	Notkun	Grjót-varnargarður
Stærð	0,0 m ²	Fasteignamat	0 kr.
Merking	84 0101	Notkun	Lokustífla
Stærð	0,0 m ²	Fasteignamat	0 kr.
Merking	85 0101	Notkun	Yfirfallsstífla
Stærð	0,0 m ²	Fasteignamat	0 kr.
Merking	86 0101	Notkun	Bjarnalækjarsk ofl
Stærð	0,0 m ²	Fasteignamat	0 kr.
Merking	87 0101	Notkun	Varnarg a h bakka þj
Stærð	0,0 m ²	Fasteignamat	0 kr.
Merking	88 0101	Notkun	Varnarg vegur a/v/ba
Stærð	0,0 m ²	Fasteignamat	0 kr.
Merking	89 0101	Notkun	Skeljastaðir 8 skrif
Stærð	347,4 m ²	Fasteignamat	20.200.000 kr.
Merking	90 0101	Notkun	Skeljastaðir 8 skrif
Stærð	30,4 m ²	Fasteignamat	2.300.000 kr.



Merking	91 0101	Notkun	Einbýli
Stærð	162,2 m ²	Fasteignamat	17.450.000 kr.
Merking	92 0101	Notkun	Bílskúr
Stærð	30,4 m ²	Fasteignamat	2.690.000 kr.
Merking	93 0101	Notkun	Skeljastaðir 10 íbúð
Stærð	162,2 m ²	Fasteignamat	22.950.000 kr.
Merking	94 0101	Notkun	Skeljastaðir 10 bíls
Stærð	30,4 m ²	Fasteignamat	2.690.000 kr.
Merking	95 0101	Notkun	Skeljastaðir 11 íbúð
Stærð	162,2 m ²	Fasteignamat	22.950.000 kr.
Merking	96 0101	Notkun	Skeljastaðir 11 bíls
Stærð	30,4 m ²	Fasteignamat	2.690.000 kr.
Merking	97 0101	Notkun	Skemma 3
Stærð	802,5 m ²	Fasteignamat	100.750.000 kr.
Merking	98 0101	Notkun	Mötuneyti og starfsm
Stærð	1142,1 m ²	Fasteignamat	178.950.000 kr.

Skráðir eigendur notkunareiningar í fasteignaskrá
Landsvirkjun (420269-1299)

Skúlagata 42, Reykjavíkurborg

Fasteignanúmer F2238717

Notkunareining N2238717

Merking	01 0503	Notkun	Íbúðareign
Stærð	76,8 m ²	Fasteignamat	46.900.000 kr.
		þar af lóðarmat	6.280.000 kr.

Skráðir eigendur notkunareiningar í fasteignaskrá
Landsvirkjun (420269-1299)


Þinglýstir eigendur fasteignar
Landsvirkjun (420269-1299)

Fskj. 2
















ÁLAGSFORSENDUR:

VINDÁLAG:
 VINDÁLAG REIKNAST SAMKVÆMT IST EN 1991-1-4:2005.
 ÁSAMT ÞJÓÐARVÍÐAUKA STABLARÁÐS ÍSLANDS.
 GRUNNGILDI VINDHRÁÐA ER 36,0 m/s ÁSAMT TILHEYRANDI FORMSTUÐLUM.

SNJÓÁLAG:
 SNJÓÁLAG REIKNAST SAMKVÆMT IST EN 1991-1-3:2003.
 ÁSAMT ÞJÓÐARVÍÐAUKA STABLARÁÐS ÍSLANDS.
 GRUNNGILDI SNJÓÁLAGS ER 5,0 KN/m² (SVÆÐI 3).

GRUNDUN:
 MESTA ÁLAG Á FYLLINGU: 0,15MPa (1,5kPa/cm²)
 MESTA TÖG Í STAGFESTU: 17 KN (1700kg)



STAGKLOSSAR 150x150 L=600
 GRAFNIR 140mm OFAN FYLLINGU

UNDIRSTÖÐUBITAR 150x150. LASKAÐIR SAMAN ÖÐRU MEGIN
 Á EÐA VÍÐ PLATTA (MAX 500 FRA PLATTAMÍÐJU)
 LASKAR SEU 50x150, L=1200, NEGLJDIR MEÐ 2x6 STK 4" (HEITGALV.)

HORN FEST SAMAN MEÐ VINKUM T.D.
 BMF-05 2x6 STK 40/60 KAMBSAUM

STEYPTIR UNDIRSTÖÐUPLATTAR.
 BOTNÁL 500x500.
 ÞYKKT UNDIR BITA mín. 200mm
 PLATTAR SKULU GRAFNIR MIN. 100mm OFAN FYLLINGUNA.
 STEYPUGÆÐI: C-25

GRUNNMÝND

ALMENNAR SKÝRINGAR

FYLLA SKAL MEÐ GÓÐRI FROSTÖRUGSRI GRÚSARFYLLINGU UNDIR BÚÐIRNAR.

ÞJAPPA SKAL FYLLINGUNA HÆFILEGA BLAUTA Í MEST 500 MM LÖGUM MEÐ 6 TONNA VIBRÓVALTARA. FYLLINGIN SKAL SILÉTTUB Í FYRIRSKRIFADA HÆÐ. SJÁ TEKNI. B110

ÖLL MÁL Á TEIKNINGUM ERU Í mm, NEIÐA AD ANNAD SÉ TEKIÐ FRAM.

Lámsaðffliði yfirferða með velti

Þessi til	Pungl tonn	Lagþykkt mm	Fliði yfirferða
Þjappunar	0,4	750	4
Vibrókefli (skurðir)	2	250	6
Vibrókefli	6	500	6
Vibrókefli	10	750	6

NÁMARI SKÝRINGAR SJÁ TEIKNI NR. 102

UNDIRSTÖÐUR, GRUNNMÝND	5.440.210	01
ALMENT	B101	7
Landsvirkjun	MANNVIT	8
Stækun BÚRFELLSVIRKJUNAR - Vinnubúðir LV		
18.02.2016	LAG	
A2		

